



Iðnmeistarabraut MEIS

Iðnmeistaránám nær til náms í stjórnunar- og rekstrargreinum ásamt fagtengdu námi þar sem það á við. Námið miðar að því að nemendur verði hæfir til að reka fyrirtæki skv. 10. grein iðnaðarlaga nr. 42/1978 og færir um að sjá um leiðsögn og kennslu iðnnema í eigin iðngrein. Hver einstaklingur getur leyst til sín meistarabréf að fullnægðum skilyrðum 3. gr. laganna; að loknu sveinsprófi ásamt því að hafa unnið undir stjórn meistara í eitt ár minnst frá því að sveinsprófi var lokið og jafnframt að loknu meistaraprófi í iðnninni frá meistaraskóla. Meistarabréf veitir meistara leyfi til að reka þá iðngrein er meistarabréf tekur til. Inntökuskilyrði fyrir nám á brautinni er að hafa staðist sveinspróf*.

A hluti – 27 einingar

Aðferðir verkefnastjórnunar	MVST4MS02
Almenn lögfræði og reglugerðir	MLÖG4MS02
Bókhald	MBÓK4MS03
Grunnur að gæðahandbók	MGHA4MS02
Kennsla og leiðsögn	MKENMS05
Launa- og verkbókhald	MBÓK4MS02
Mannauðsstjórnun	MMAN4MS02
Rekstrarfræði	MREK4MS03
Stofnun og stefnumótun fyrirtækis	MSSF4MS02
Sölu- og markaðsmál	MSÖL4MS02
Lokaverkefni A-hluta	MLOK4MS02

B hluti – 11 einingar

Gæðastýring	MGHA4MS02B
Verklýsingar og tilboðsgerð	MVTB4MS03B
Vörupróun	MVÖP4MS02B
Öryggis- og umhverfismál	MLÖRU4MS02B
Lokaverkefni B-hluta	MLOK4MS02B

*Sveinspróf í eftirtöldum greinum uppfylla skilyrði um inntöku á brautina: bifreiðasmíði, bifvélavirkjun, bílamálun, blikksmíði, bókbandi, dúkalögn, flugvirkjun, grafískri miðlun, gull -og silfurasmíði, hársnyrtiiðn, húsasmíði, húsgagnabólstrun, húsgagnasmíði, kjólasaum, klæðskurði, ljósmyndun, málariðn, múriðn, netagerð, pípulögnum, prentun, rafvirkjun, rennismíði, skósmíði, skrúðgarðyrkju, snyrtifræði, stálsmíði, söðlasmíði, tannsmíði, úrsmíði veggfóðrunum, vélvirkjun.